

FUNDARGERÐ

360. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 12. maí 2015 kl. 15.00 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Birna Bjarnadóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Esther Ú. Friðbjófsdóttir, Hrafn Magnússon, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Reynir Vilhjálmsson, Anna Þrúður Þorkelsdóttir og Gísli Jafetsson sem ritar fundargerð. Fjarverandi Erna Indriðadóttir.

Þetta gerðist:

Formaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

1. Byggingamál og tillaga um félagsfund
Fundu í bygginganefnd FEB lauk rétt fyrir stjórnarfundinn. Upplýst var hvað þar hafði verið til umfjöllunar sem var skipulagsmál varðandi lóðina og hugsanleg aðkoma Landsbankans og fjármögnun.
Formaður fór yfir rök með og móti byggingarframkvæmdum á vegum félagsins
- rök á móti m.a.; „ástandið“ í þjóðfélaginu, ákveðin skuldbinding fyrir félagið
- rök með m.a.; hlutverk félagsins, góð lóðarstaðsetning sem sóst er eftir og þar sem fólk vill búa.
Rætt um félagsfund til umræðu um byggingaframkvæmdir í Árskógum að undangengnum vönduðum undirbúningi varðandi ábyrgð félagsins ef til byggingar kæmi.
Rætt um helstu verktaka kosti þeirra og galla og hvernig staðið yrði að vali þeirra af að yrði. Komið er bréf frá BYGG þar lýst er yfir áhuga til samstarfs og vilja til samninga. Vegna þessarar umræðu kom fram ósk frá Ragnhildi G. þess efnis að fulltrúi FEB komi og skoði galla sem fram hafa komið á húsi við Eiðismýri sem byggt var fyrir allmörgum árum fyrir FEB.
Niðurstaða; stjórn áréttar að staðfesting fái frá borgaryfirvöldum við hvaða aldursmörk verði miðað og fyrir liggja skriflega um möguleika og aðgengi kaupenda/íbúa að félagsmiðstöðinni við Árskóga. Einnig að bygginganefnd vinni málið lengra og kannað verði við Reykjavíkurborg með lóðarhafa sérfélags/kennitölu sem haldi utan um byggingarnar á vegum FEB.
2. Fjármál félagsins
Framkvæmdastjóri skilaði og gerði grein fyrir rekstraryfirlit og fjárhagsstöðu félagsins. Rekstrartekjur félagsins fyrstu fjóra mánuði 2015 eru 47 milljónir og gjöld fyrir afskriftir 26 milljónir kr. Rúmlega 8 þúsund félagsmenn höfðu greitt félagsgjald 30. apríl sem er mjög gott hlutfall. Ítrekað að áréttað verði með ógreidd félagsgjöld í september og einnig rætt um útsendingu á innheimtu 1.000 valfrjálsri greiðslu í ágúst / september.
3. Útsending bréfs til fólks fætt 1948
Samþykkt tillaga formanns um að bréf yrði sent til þeirra sem eru 67 ára og ekki félagsmenn - samþykkt
4. Nýtt félagsblað
Próförk sýnd að Félagstíðindum 1. tbl. 2015 sem er á leið í prentun. Samþykkt. Spurst fyrir tekjur m.a. vegna auglýsinga.
5. Skipun í nefnd til viðuræðna við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Samþykkt; Birna Bjarnadóttir, Ellert B. Schram, Anna Þrúður Þorkelsdóttir og Gísli Jafetsson. Fundur boðaður fljótlega.
6. Samtök aldriðra og FEB
Farið yfir hvað fram kom á fundi FEB og SA um samstarf og/eða sameiningu. Stjórnin fagnaði þessum fundi fulltrúa aðila og því að allt verði gert sem til bóta er fyrir eldri borgara. Skynsamlegt skref til styrkingar eldri borgum í Reykjavík og nágrenni. Stjórn samþykkir að framhald verði á fundum aðila.

7. Nefndir félagsins

Formaður fór yfir nöfn/aðila í nefndum félagsins, sérstaklega nýja nefnd um velferðarmál (Sighvatsnefndin). Listi með nöfnum nefndarmanna í öllum nefndum félagsins verður útbúinn og birtur m.a. á heimasíðu FEB.

8. Framhald stefnumótunar

Hvar erum við stödd? Hvert eigum við að halda? Kynslóðaskipti í öllu starfi félagsins sem flestra annarra. Stjórnarmenn íhugi milli funda.

Næsti fundur stjórnarinnar er þriðjudaginn 9. júní kl. 15.00.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.00.